



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 20.12.2012 kl. 17:15

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Victor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Viðar Erlingsson (VE) og Victor Ingi Olsen (VIO). Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Sigurður Bjarnason (SB) boðuðu forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
- 2) Bókun forvarnarnefndar Garðabæjar

Aðalstjórn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bókuninni.

- 3) Mannvirkjanefnd

Fyrir fundinum liggur fundargerð 4. Fundar Mannvirkjanefndar félagsins.

Aðalstjórn tekur undir þá meginstefnu sem kemur fram í fundargerðinni að stefnt skuli að fjölgun búningssklefa í vallahúsi og að búningssklefar 9 og 10 í Ásgarði verði aflagðir í núverandi mynd en það rými verði nýtt til eflingar aðstöðu fyrir þrekþjálfun.

Aðalstjórn staðfestir umboð nefndarinnar til áframhaldandi hugmyndavinnu í samráði við notendur mannvirkjanna, íþróttafulltrúa Garðabæjar og framkvæmdastjóra félagsins.

Þá var lögð fram að nýju tillaga nefndarinnar frá 8.2.2012 varðandi stefnumótun um framtíðarnýtingu Stjörnuheimils og vallahúss.

Aðalstjórn fagnar þeim skrefum sem stigin hafa verið varðandi endurbætur í hátíðarsal félagsins og heimilar nefndinni að ljúka frágangi nýrrar útihurðar og frágangi gólflista og sólbekkja í hátíðarsal. Áætlaður kostnaður er að hámarki kr. 500.000,-.



Þá heimilar aðalstjórn að leitað verði tilboða í viðgerð á glerskálum Stjörnuheimilisins. Þessar aðgerðir eru nauðsynlegar til að tryggja að húsið leki ekki, áður en ráðið verður í frekari framkvæmdir. Áætlaður kostnaður er að hámarki kr. 1.500.000,-.

Öðrum tillögum er vísað aftur til nefndarinnar til frekari úrvinnslu.

4) Önnur mál

(a) Heimasíða Stjörnunnar

Ritari gerði grein fyrir viðræðum við Braga H Magnússon um heimasíðumál félagsins. Aðalstjórn fagnar frumkvæðinu og samþykkir að viðræðunum verði fram haldið og tillaga um næstu skref liggja fyrir á fyrstu vikum nýs árs.

(b) Kvennahlaup ÍSí

Formaður gerði grein fyrir undirritun samnings um að Kvennahlaup ÍSí verði haldið í Garðabæ næstu 3 ár.

(c) Knattspyrna fyrir alla

Formaður gerði grein fyrir viðræðum við forsvarsmenn verkefnisins „Fótbolti fyrir alla“.

Fundi slitið kl. 19:50. Ritað PGr.